



Stjórnarfundur landssambandsstjórnar

Delta Kappa Gamma á Íslandi

Haldinn að heimili Sóleyjar Höllu Þórhallsdóttur, Espigerði 4, 3. hæð F, Reykjavík

Föstudaginn 28. janúar 2011 kl. 16 – 19

Dagskrá:

Mættar:

Stjórnarkonurnar Ingibjörg Jónasdóttir, Sóley Halla Þórhallsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir og Steinunn Ármannsdóttir. Auk þess mættu þær Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri, Guðný Helgadóttir lögsögumaður, Anna Þóra Baldursdóttir fráfarandi forseti og Sigríður Johnsen, formaður menntamálanefndar.

Ingibjörg bauð fundarkonur velkomnar.

Lagabreytingar

Guðný sagði frá því að laganefndin hefði verið að funda og fara yfir lög og reglugerð. Í vinnunni tekur nefndin mið af breytingum sem orðið hafa á alþjóðalögum. Verið er að taka til í lögum og huga að samræmingu laga og reglugerða og reynt verður að laga þau að íslenskum aðstæðum. Laganefnd á að senda stjórn landssambandsins breytingatillögurnar a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsþing eða í byrjun mars.

Fjárhagsáætlun

Guðbjörg velti því fyrir sér hver ætti að sjá um fjárhagsáætlun en fjárhagsnefnd á að undirbúa fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir framkvæmdaráð en hefur ekki gert það. Hún sagði að fjárhagsnefnd hefði ekki verið virk lengi. Umræða um þetta var tekin á fundi í júní og þá lagt til að fjárhagsnefndin yrði lögð niður og talið betra að fjárhagsáætlun væri á herðum gjaldkera. Meirihluti stjórnar taldi að eðlilegt væri að gjaldkeri væri hluti af stjórninni. Ekki var tekin ákvörðun um hvað gera ætti í málinu, en bíða ætti tillögu frá laganefnd.

Nefndarstörf

Ingibjörg bað konur um að skoða hlutverk nefndanna sem þær fengu úthlutað á stjórnarfundum 18.06.10. Athuga þarf hvað stendur í lögum og reglugerðum, handbók og erindisbréfum (ef þau eru til) um nefndirnar. Eru hlutverk skýr, eru til verkferlar sem auðveldar nefndarvinnu? Leggja þarf fram

breytingatillögur, ef þurfa þykir. Skýrari leiðbeiningar þarf t.d. fyrir uppstillingarnefnd, sjá einnig hér að ofan umfjöllun um fjárhagsnefnd.

Skipting nefnda á stjórnarkonur

Ingibjörg A. -	útgáfu- og kynningarnefnd (upplýsingamál)
Sóley Halla -	félaga- og útbreiðslunefnd
Ingibjörg J. -	menntanefnd
Steinunn G. -	námsstyrkjanefnd
Steinunn Á. -	uppstillingarnefnd
Lögsögumaður: GH -	laganefnd
Gjaldkeri: GMS -	fjárhagsnefnd.

Evrópuþingið í Baden Baden 3. – 6. ágúst 2011

Verið er að móta dagskrána en þriðjudaginn 2. ágúst verður haldin vinnustofa á vegum Forum nefndarinnar og auk þess verða ýmsar vinnustofur 3. ágúst á undan setningu þingsins. Þann 15. febr. er lokadagsetning til að sækja um vinnustofu á þinginu. Ekki er vitað um að íslensk kona hafi sótt um að þessu sinni. Gott væri að stjórnarkonur kæmu skilaboðum um lokadagsetningu á að sækja um vinnustofu, til deilda. Auk Ingibjargar verða a.m.k Herta W. Jónsdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir með verkefni á Evrópuþinginu.

Útbreiðslumál

Ný deild á Norðurlandi er í skoðun og vinnslu. Ingibjörg sagði það vera freistandi að ljúka málinu þar sem allt efni er til sem nota þarf þegar ný deild er stofnuð. Hún upplýsti að frá júlí 2008 til júlí 2010 hefði 41 kona gengið í samtökin, 18 hætt. Guðbjörg upplýsti að virkar félagskonur væru nú 288 og 5 væru í leyfi.

Námsstyrkjasjóður

Hlutverk sjóðsins er að styrkja félagskonur í DKG og geta konur sótt um 100 þús. kr. styrk til sjóðsins. Steinunn Guðmundsdóttir setur auglýsingu um styrkinn á netið og Ingibjörg í febrúarblað til formanna og vísar á umsóknareyðublaðið á heimasíðu samtakanna. Umsóknarfrestur er 1. mars.

Ingibjörg minntist látinna félagskvenna en í haust létust þrjár systur, þær: Eygló Eyjólfsdóttir og María Kjeld úr Gamma deild og Rut Guðmundsdóttir úr Epsilondeild. Minningarathöfn verður á aðalfundi í vor.

Landssambandsþing 6.-8. maí 2011

Yfirskrift: Fagvitund í fyrirrúmi

Orð alþjóðaforsetans: Embracing the Vision, Designing the Future

Staðsetning landssambandsins er í höndum Þetadeildar á Reykjarnesi og praktísk mál eins og húsnaði og matur, menntamálanefnd vinnur drög að faglegri dagskrá á laugardeginum en stjórn landssambandsins ber ábyrgð á þinginu.

Guðbjörg upplýsti að búið væri að skipta konum í nefndir. Beðið væri eftir ramma frá landssambandsstjórninni. Rammi fyrir þingið verður tilbúinn í febrúarlok. Búið er að óska eftir tilboði í gistingu og mat – meðan á fundinum stóð barst hagstætt tilboð. Gert er ráð fyrir um 60 til 80 þátttakendum á þinginu.

Rætt var um að lengja þingið, hefja það á föstudegi um kl. 13. Flestar fundarkonur sammála um að hefja það ekki svo snemma því margar konur kenna á föstudögum. Lagt til að landssambandsstjórnin kæmi saman á föstudagskvöldið og ynnu í um 2 tíma, þingið hæfist á laugardagsmorgni.

Ingibjörg leggur til að landssambandið verði með framkvæmdaráðsfund samhliða þinginu og bjóði formönnum nefnda og stjórnnum deilda til þátttöku, auk væntanlegum nýjum stjórnarmeðlimum. Tilvalið er að halda áfram umræðunni sem Ingibjörg Einarsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir voru með á framkvæmdaráðsfundinum 4. sept. s.l.

Sigríður kynnti vinnu og tillögur menntamálanefndar fyrir 7. maí og sagði að óskað væri eftir erindum frá landshlutunum. Hún lagði áherslu á að kynna þyrfti landssambandsþingið á netinu og í fjölmiðlum bæði fyrir og eftir þingið.

Fyrstu drög að dagskrá landssambandsþings 6.-8. maí 2011 lögð fram á fundinum til umræðu, en eru ekki birt með fundargerð. Dagskrá landssambandsþingsins verður auglýst í byrjun febrúar.

Áhugaverðar hugmyndir sem komu fram á fundinum

Spurning hvort hægt sé að halda landssambandsþing fyrir, t.d. að hausti? Þá væri tímanlega búið að skipa konur í nefndir. Allar fundarkonur sammála um að skoða hugmyndina.

Rætt um hvort að í vor ætti bæði að bjóða deildum að halda landssambandsþing eftir tvö ár og eftir fjögur ár.

Ingibjörgu var færður blómvöndur frá stjórnarkonum vegna fráfalls Guðrúnar Ö. Stephensen, móður hennar.

Fleira var ekki tekið fyrir. Ingibjörg þakkaði Sóleyju Höllu fyrir fundaraðstöðu og meðlæti, fundarkonum góðan fund - óskaði fundarkonum góðrar heimferðar og sleit fundi.

Það sem þarf að gera:

- Ákveða rammann um Landssambandsþingið og framkvæmdaráðsfundinn 6.-8. maí nk.
- Allar stjórnarkonur athuga nefndarstörf.
- Stjórnarkonur koma upplýsingum um lokadagsetningu til að sækja um vinnustofu á Forum á Evrópuþinginu í Baden Baden til sinna deilda.
- Auglýsa eindaga styrkja úr námssjóð.

Ingibjörg Auðunsdóttir, ritari